

---

## Jafnlaunastefna

---

Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er að greiða jöfn laun og veita sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn vill vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsmenn njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Starfsfólk skal hafa jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð, sinna verkefnum og hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu óháð kyni þannig að hæfileikar og færni starfsfólks fái notið sín sem best.

Safnið skuldbindur sig til þess að vera með launakerfi sem styður við stefnu safnsins og að allar ákvarðanir um laun skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Jafnlaunastefnan nær til allra starfsmanna safnsins utan landsbókavardar en laun hans eru ákvörðuð á öðrum vettvangi.

Jafnlaunastefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er órjúfanlegur hluti af mannauðstefnu safnsins og henni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvarðanir. Safnið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess. Stjórnendur skuldbinda sig til að fylgja lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna er gilda á hverjum tíma. Þá ber jafnlaunastefnunni að uppfylla kröfur ÍST 85:2012.

### Ábyrgð

Landsbókavörður ber ábyrgð á jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi safnsins og framfylgir því að lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé fylgt. Sviðsstjóri rekstrarsviðs, ásamt mannauðsstjóra eru tilnefndir fulltrúar framkvæmdaráðs varðandi jafnlaunakerfi safnsins og eru ábyrgir fyrir innleiðingu og viðhaldi þess.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðingu, hlítingu og framkvæmd stefnunnar ásamt því að sjá til þess að stefnunni sé viðhaldið, hún sé rýnd í framkvæmdaráði og endurskoðuð annað hvort ár. Þá ber mannauðsstóri ábyrgð á stöðugum umbótum, eftirliti og rýningu á árangri jafnlaunakerfisins og að framfylgja nauðsynlegum viðbrögðum og úrbótum.

### Markmið með stefnunni

- Að greiða starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni
- Að meta framlag starfsmanna með samræmdum hætti eftir hæfni og frammistöðu óháð kyni
- Að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk hefur jafna möguleika og sömu tækifæri óháð kyni
- Að safnið hafi á að skipa hæfum starfsmönnum sem uni hag sínum og takist á við krefjandi verkefni af metnaði og fagmennsku
- Að launastefnan styðji við hlutverk og framtíðarsýn safnsins, efla þjónustu, skilvikni og gæði í allri starfssemi þess

### Stuðningur við markmið

- Innleiða og framfylgja vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.

- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef safnsins.

### Tilvísanir

- 1.3.1.01 Flokkun starfa
- 1.3.1.02 Mat á störfum
- 1.3.1.03 Mat á einstaklingsbundnum og hópbundnum þáttum
- 1.3.1.04 Markaðsálag
- 1.5.1 Vöktun og mæling

### Ferill skjals

Útgáfur	Dagsetningar	Höfundar	Athugasemdir
1. útg.	13.10.2014	Vigdís Edda Jónsdóttir	Stefnan uppfyllir kröfur Jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 um gerð Jafnlaunastefnu stofnunar (gr. 4.2).
2. útg.	13.03.2017	Guðrún H. Sveinsdóttir	Orðalag uppfært. Leiðrétt heiti starfsmatskerfis.
3. útg.	19.02.2018	GHS og EGB	Uppfært til samræmis við kröfur Jafnlaunastaðals.
4. útg.	22.03.2018	GHS og EGB	Uppfært til samræmis við kröfur Jafnlaunastaðals.
5. útg.	12.02.2020	GHS og EGB	Markmið með stefnunni. Taka út orðin karlar og konur og hafa í þess stað orðin óháð kyni.

Dagsetning samþykktar	Samþykkjendur
17.02.2020	Framkvæmdaráð